

**I EES-STOFNANIR****1. EES-ráðið****2. Sameiginlega EES-nefndin**

96/EES/18/01	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/96 frá 29. febrúar 1996 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín..... 01 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2733/94 frá 9. nóvember 1994 um að heimila Breska konungsríkinu að leyfa aukinn alkóhólstyrkleika í borðvíni og gæðavíni sem eru framleidd í tilgreindum héruðum..... 04 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 60/95 frá 16. janúar 1995 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2676/90 um að ákveða aðferðir bandalagsins við víngræiningu..... 05 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 554/95 frá 13. mars 1995 þar sem settar eru nákvæmar reglur um lýsingu og kynningu á freyðivínnum og loftblönduðum freyðivínnum... 06 Skrá sem kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr. yfir heiti og landfræðilegar einingar sem nota má til að lýsa gæðafreyðivínnum sem eru upprunnin í bandalaginu..... 13
96/EES/18/02	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/96 frá 29. febrúar 1996 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn..... 14 Ályktun ráðsins 95/C 188/02 frá 29. júní 1995 um frekari þróun farsíma- og einkafjarskipta í Evrópusambandinu..... 15
96/EES/18/03	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/96 frá 29. febrúar 1996 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn..... 17 Ályktun ráðsins 95/C 258/01 frá 18. september 1995 um setningu rammaákvæða fyrir fjarskipti..... 18
96/EES/18/04	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/96 frá 29. febrúar 1996 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn..... 21 Tilmæli ráðsins 95/144/EB frá 7. apríl 1995 um samræmdar viðmiðanir við mat á öryggi í upplýsingatækni..... 22
96/EES/18/05	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/96 frá 29. febrúar 1996 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn..... 24 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2479/95 frá 25. október 1995 um aðlögun að tækniframförum á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum..... 25

**3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin**

4. Ráðgjafarnefnd EES

**II EFTA-STOFNANIR**

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

**III EB-STOFNANIR**

1. Ráðið

2. Framkvæmdastjórnin

96/EES/18/06	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.605 - Hoechst/Klöckner-Werke/Hartfolien).....	26
96/EES/18/07	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.724 - GEC/Thomson-CSF (II)).....	27
96/EES/18/08	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.744 - Thomson/Daimler-Benz).....	28
96/EES/18/09	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.704 - Unilever/Diversey).....	28

3. Dómstóllinn

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

96/EES/18/01

nr. 4/96  
frá 29. febrúar 1996

um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn  
um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín

### SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bókun 47 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/95 frá 27. janúar 1995<sup>(1)</sup>.

Aðlögunarliðirnir við reglugerðir ráðsins (EBE) nr. 823/87 frá 16. mars 1987 um sérstök ákvæði um gæðavín sem framleidd eru í tilgreindum héruðum, (EBE) nr. 2392/89 frá 24. júlí 1989 um almennar reglur um lýsingu og kynningu á vínnum og þrúgulegi og (EBE) nr. 2333/92 frá 13. júlí 1992 um almennar reglur um lýsingu og kynningu á freyðivínnum og loftblönduðum freyðivínnum, þ.e. 3., 6. og 9. liður í VII. bálki B-hluta V. kafla í I. viðauka við lögum um aðildarskilmála Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun á sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á<sup>(2)</sup> skulu felldir inn í samninginn.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2733/94 frá 9. nóvember 1994 um að heimila Breska konungsríkinu að leyfa aukinn alkóhólstyrkleika í borðvíni og gæðavíni sem eru framleidd í tilgreindum héruðum<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 60/95 frá 16. janúar 1995 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2676/90 um að ákveða aðferðir bandalagsins við víngræningu<sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 554/95 frá 13. mars 1995 þar sem settar eru nákvæmar reglur um lýsingu og kynningu á freyðivínnum og loftblönduðum freyðivínnum<sup>(5)</sup>, skal felld inn í samninginn.

### ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

#### 1. gr.

1. viðbæti við bókun 47 við samninginn er breytt eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa ákvörðun.

#### 2. gr.

Fullgiltur texti aðlögunarliða við reglugerðir ráðsins (EBE) nr. 823/87, nr. 2392/89 og nr. 2333/92, þ.e. 3., 6. og 9. liður í VII. bálki B-hluta V. kafla í I. viðauka við lögum um aðildarskilmála Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun á sáttmálunum sem liggja til grundvallar Evrópusambandinu og fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2733/94, reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 60/95 og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 554/95 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

(<sup>1</sup>) Stjttö. EB nr. L 47, 2. 3. 1995, bls. 19 og EES-viðbætur við Stjttö. EB nr. 7, 2. 3. 1995, bls. 1.

(<sup>2</sup>) Stjttö. EB nr. C 241, 29. 8. 1994, bls. 21 eins og þau voru aðlöguð með Stjttö. EB nr. L 1, 1. 1. 1995, bls. 1.

(<sup>3</sup>) Stjttö. EB nr. L 289, 10. 11. 1994, bls. 5.

(<sup>4</sup>) Stjttö. EB nr. L 11, 17. 1. 1995, bls. 19.

(<sup>5</sup>) Stjttö. EB nr. L 56, 14. 3. 1995, bls. 3.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. mars 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 29. febrúar 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*P. Benavides*

## VIÐAUKI

## við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/96

1. viðbæti við bókun 47, um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín, við EES-samninginn er breytt eins og tilgreint er hér á eftir.

1. Texti 14. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2707/86) falli niður.
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 16. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 823/87):
  - „- 194 H: Lög um aðildarskilmála Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun á sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á (Stjtið. EB nr. C 241, 29. 8. 1994, bls. 21, eins og þau voru aðlöguð með Stjtið. EB nr. L 1, 1. 1. 1995, bls. 1).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 22. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2392/89):
  - „- 194 H: Lög um aðildarskilmála Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun á sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á (Stjtið. EB nr. C 241, 29. 8. 1994, bls. 21, eins og þau voru aðlöguð með Stjtið. EB nr. L 1, 1. 1. 1995, bls. 1).“
4. Texti 23. liðar (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3677/89) falli niður.
5. Eftirfarandi undirliður bætist við í 25. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2676/90):
  - „- 395 R 0060: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 60/95 frá 16. janúar 1995 (Stjtið. EB nr. L 11, 17. 1. 1995, bls. 19).“
6. Eftirfarandi undirliður bætist við í 39. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2333/92):
  - „- eins og henni var breytt með:
    - 194 H: Lög um aðildarskilmála Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun á sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á (Stjtið. EB nr. C 241, 29. 8. 1994, bls. 21, eins og þau voru aðlöguð með Stjtið. EB nr. L 1, 1. 1. 1995, bls. 1).“
7. Eftirfarandi liðir komi aftan við lið 42a (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3111/93):
  - „42b. 394 R 2733: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2733/94 frá 9. nóvember 1994 um að heimila Breska konungsríkinu að leyfa aukinn alkóhólstyrkleika í borðvíni og gæðavíni sem eru framleidd í tilgreindum héruðum (Stjtið. EB nr. L 289, 10. 11. 1994, bls. 5).
  - 42c. 395 R 0554: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 554/95 frá 13. mars 1995 þar sem settar eru nákvæmar reglur um lýsingu og kynningu á freyðivínum og loftblönduðum freyðivínum (Stjtið. EB nr. L 56, 14. 3. 1995, bls. 3).“
8. Eftirfarandi bætist við í 45. lið (skrá yfir borðvín):
  - „eins og honum var breytt með:
    - skrá sem birt var í Stjtið. EB nr. C 203, 27. 7. 1993, bls. 4.“

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2733/94****frá 9. nóvember 1994****um að heimila Breska konungsríkinu að leyfa aukinn alkóhólstyrkleika í borðvíni og gæðavíni sem eru framleidd í tilgreindum héruðum(\*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 822/87 frá 16. mars 1987 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1891/94 <sup>(2)</sup>, einkum 4. mgr. 18. gr. og 81. gr.,með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 823/87 frá 16. mars 1987 um sérstök ákvæði um gæðavín sem framleidd eru í tilgreindum héruðum <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 3896/91 <sup>(4)</sup>, einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EBE) nr. 822/87 er aðildarríkjum aðeins heimilt að leyfa aukningu á raunverulegum eða hugsanlegum náttúrustyrkleika alkóhóls innan ákveðinna marka.

Óvenjuslæmt veður árið 1994 á tilteknum vínræktarsvæðum í Breska konungsríkinu, þegar rigningar voru óvenjumiklar um hásumar og sólskinsstundir óvenjufáar gerir það að verkum að takmörk á aukningu náttúrlægs alkóhólstyrkleika samkvæmt 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EBE) nr. 822/87 kemur í mörgum tilvikum í veg fyrir framleiðslu víns sem markaðurinn þarfnast að öðru jöfnu. Af þeim sökum ætti viðkomandi aðildarríki að vera heimilt að leyfa aukningu á náttúrlægum alkóhólstyrkleika samkvæmt 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (EBE) nr. 822/87 á þeim svæðum sem urðu verst úti. Setja ætti ákvæði um með hvaða hætti aðildarríki skuli veita framkvæmdastjórninni tilteknar upplýsingar, einkum samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2240/89 <sup>(5)</sup>.

Ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit stjórnarnefndar um vín.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

Breska konungsríkinu er hér með heimilt að leyfa aukningu á alkóhólstyrkleika sem mælt er fyrir um varðandi vínræktarsvæði A í 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (EBE) nr. 822/87 fyrir vínræktarárið 1994/95 í afurðum sem eru taldar upp í fyrstu undirgrein 1. mgr. umræddrar 18. gr., framleiddum úr þrúgum sem eru ætlaðar til framleiðslu borðvins og gæðavins sem eru framleidd í tilgreindum héruðum.

**2. gr.**

Breska konungsríkið skal, á grundvelli yfirlýsinga sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (EBE) nr. 822/87, gefa framkvæmdastjórninni eigi síðar en 31. maí 1995 nákvæmar upplýsingar um magn sykurs, þrúgusafþykknis og hreinsaðs þrúgusafþykknis sem nota verður til að auka náttúrlægan alkóhólstyrkleika afurðarinnar sem um getur í 1. gr.

Í upplýsingunum skal koma fram mat á því hvaða magn af sykri, þrúgusafþykknis og hreinsuðu þrúgusafþykknis er þörf á að nota til að auka enn frekar alkóhólstyrkleikann eins og kveðið er á um í 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (EBE) nr. 822/87.

**3. gr.**Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. nóvember 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**René STEICHEN**

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 11, 17. 1. 1995, bls. 19, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/96 frá 29. febrúar 1996 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 84, 27. 3. 1987, bls. 1.

(2) Stjtið. EB nr. L 197, 30. 7. 1994, bls. 42.

(3) Stjtið. EB nr. L 84, 27. 3. 1987, bls. 59.

(4) Stjtið. EB nr. L 368, 31. 12. 1991, bls. 3.

(5) Stjtið. EB nr. L 215, 26. 7. 1989, bls. 16.

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 60/95****frá 16. janúar 1995****um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2676/90 um að ákveða aðferðir bandalagsins við víngreiningu(\*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 822/87 frá 16. mars 1987 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1891/94 <sup>(2)</sup>, einkum 74. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í lið 2.2.3.3.2 í 25. kafla í viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2676/90 frá 17. september 1990 um að ákveða aðferðir bandalagsins við víngreiningu <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 2645/92 <sup>(4)</sup>, er lýst aðferð við greiningu á magni brennisteinsdíoxíðs í þrúgusafa er hefur í för með sér að auðveldara er að fjarlægja efnið en með þeirri aðferð sem var notuð áður samkvæmt lið 13.4 í 13. kafla. Af þessu leiðir að meira magn af brennisteinsdíoxíði finnst við greiningu á þrúgusafa og gæti það magn farið yfir leyft hámarks magn. Í ljósi þess að nú fara fram vísindalegar rannsóknir

og hugsanlegt er að leyft hámarks magn verði tekið til endurskoðunar og til að koma í veg fyrir erfiðleika við ráðstöfun þrúgusafa ætti að framlengja um eitt ár aðlögunartímabilið þegar heimilt er að greina magn brennisteinsdíoxíðs með eldri aðferðinni. Æskilegt væri að forðast að hlé verði gert á beitingu nákvæmra reglna um þessa greiningaraðferð.

Ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit stjórnarnefndar um vín.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

Í annarri málsgrein liðar 2.2.3.3.2 í 25. kafla í viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2676/90 komi dagsetningin „31. desember 1995“ í stað dagsetningarinnar „31. desember 1994“.

**2. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 1995.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 16. janúar 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**René STEICHEN**

forseti.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttö. EB nr. L 289, 10. 11. 1994, bls. 5, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/96 frá 29. febrúar 1996 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(<sup>1</sup>) Stjttö. EB nr. L 84, 27. 3. 1987, bls. 1.

(<sup>2</sup>) Stjttö. EB nr. L 197, 30. 7. 1994, bls. 42.

(<sup>3</sup>) Stjttö. EB nr. L 272, 3. 10. 1990, bls. 1.

(<sup>4</sup>) Stjttö. EB nr. L 266, 12. 9. 1992, bls. 10.

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 554/95**

frá 13. mars 1995

**Þar sem settar eru nákvæmar reglur um lýsingu og kynningu á freyðivínnum og loftblönduðum freyðivínnum(\*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 822/87 frá 16. mars 1987 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 5. mgr. 75. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2707/86 frá 28. ágúst 1986 sem kveður á um nákvæmar reglur um lýsingu og kynningu á freyðivínnum og loftblönduðum freyðivínnum <sup>(2)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 3826/90 <sup>(3)</sup>, hefur margsinis verið breytt. Fyrir skýrleika sakir og verði gerðar frekari breytingar er rétt að steypa saman þeim reglum sem um ræðir.

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2333/92 <sup>(4)</sup>, eins og henni var breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, mælir fyrir um almennar reglur um lýsingu og kynningu á freyðivínnum og loftblönduðum freyðivínnum. Samþykkja verður nákvæmar reglur varðandi beitingu þeirra meginreglna sem mælt er fyrir um í reglugerðinni.

Þar sem skylt er að sýna raunverulegan alkóhólstyrkleika freyðivíns og loftblandaðs freyðivíns alls staðar í bandalaginu skal samþykkja nákvæmar reglur sem munu leiða til jafnra samkeppnisskilyrða og auðveldra val neytenda. Reglur þessar skulu samsvara ákvæðum tilskipunar ráðsins 76/766/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi alkóhól-tölur <sup>(5)</sup>.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 56, 14. 3. 1995, bls. 3, var nefnd í ákvörðun sameiginlegra EES-nefndarinnar nr. 4/96 frá 29. febrúar 1996 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 84, 27. 3. 1987, bls. 1.

(2) Stjtið. EB nr. L 246 30. 8. 1986, bls. 71.  
Stjtið. EB nr. L 366, 29. 12. 1990, bls. 58.

(3) Stjtið. EB nr. L 231, 13. 8. 1992, bls. 9.

(5) Stjtið. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 149.

Í fyrsta undirlið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2333/92 er rekstraraðilum veittur möguleiki á að sýna annaðhvort nafn eða viðskiptaheiti framleiðanda með staðfestu í bandalaginu eða seljanda með staðfestu í bandalaginu. Með það að leiðarljósi að veita neytendum betri upplýsingar og að veita betri upplýsingar um yfirvöld sem bera ábyrgð á eftirliti með viðskiptum með freyðivín, skal skylt að tilgreina stöðu þess einstaklings sem ber ábyrgð á merkingum á undan nafni hans. Þessa skal ekki krafist ef ráða má af viðskiptaheitinu að rekstraraðili er framleiðandi freyðivínsins eða ef framleiðandinn hefur látið framleiða freyðivínið fyrir sig í öðru fyrirtæki, að því tilskildu að það sé gert ljóst með merkingum eins og „cuvée spéciale pour...“ eða „Hausmarke“ ásamt nafni eða viðskiptaheiti framleiðanda. Ekki skal heldur krefjast slíks af seljendum ef nafni framleiðanda fylgir merking með upplýsingum um stöðu hans.

Í ljósi reynslunnar er lögð áhersla á að nafns seljanda sem er ekki framleiðandi sé einungis krafist ef freyðivínið eða loftblandaða freyðivínið er geymt í hans nafni í þeim tilgangi að markaðssetja það til neyslu.

Ekki er heppilegt að nota hugtakið „framleiðandi“ og þýðingu þess á tiltekin tungumál bandalagsins þegar freyðivínnum er lýst. Af þeim sökum er kveðið á um að á undan nafni eða viðskiptaheiti framleiðanda megi ekki setja orðin „framleiðandi“ eða „framleitt af“ heldur samsvarandi hugtak.

Skylt er að tilgreina hlutaðeigandi aðildarríki. Því ætti að kveða skýrt á um með hvaða hætti skal tilgreina það á merkimiða.

Í samræmi við annan undirlið c-liðar 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2333/92 skal taka saman skrá yfir sérstök hefðbundin hugtök sem heimilt er að nota í vörulýsingu gæðafreyðivína fth.

Í samræmi við þriðja undirlið c-liðar 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2333/92 skal taka saman skrá yfir tilgreind héruð sem heimilt er að nota í vörulýsingu gæðafreyðivína fth.

Samkvæmt þriðju undirgrein 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2333/92 er heimilt að setja í stað upplýsinga um vörutegund upplýsingar um magn sykurleifa, sem ákvarðað er með greiningu, ef um er að ræða bragðbætt gæðafreyðivín og bragðbætt



gæðafreyðivín sem framleitt er í tilgreindum héruðum. Í ljósi óhjákvæmilegs munar milli einstakra ára úr framleiðslu umræddra freyðivína skal leyfa takmörkuð frávík, en þó ekki í þeim mæli að villt sé um fyrir neytendum að því er varðar eiginleika vörunnar.

Setja ætti reglur um sérstakar lýsingar, í samræmi við f-lið 2. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2333/92, til að koma í veg fyrir að ruglast verða á freyðivínum annars vegar og loftblönduðum freyðivínum og freyðidrykkjum, sem fást með alkóhólgerjun ávaxta eða annars hrámetis úr landbúnaði, hins vegar. Gera ætti kröfu um að vörulýsingar annarra drykkja en freyðivína komi einkar greinilega fram á merkimiðanum.

Í öðrum undirlið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2333/92 er kveðið á um að nota megi nöfn landfræðilegra eininga í lýsingu gæðafreyðivína. Nauðsynlegt er að taka saman stutta skrá yfir þessar landfræðilegu einingar.

Tiltekin ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 2333/92 og tiltekin ákvæði þessarar reglugerðar gilda og munu gilda um freyðivín upprunnin í þriðju löndum sem fylgja framleiðslureglum sem viðurkennt er að jafngildi reglum III. bálks reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2332/92 <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1893/94 <sup>(2)</sup>. Nauðsynlegt er að taka saman skrá yfir þessi vín.

Í kjölfar þeirra landfræðilegu breytinga sem orðið hafa í Sovétríkjunum fyrrverandi ætti að heimilda hinum nýju lýðveldum Sovétríkjanna fyrrverandi, sem hefð var fyrir að flyttu út freyðivín til bandalagsins og fylgdu reglum um framleiðslu slíkra vína sem viðurkennt er að jafngildi reglum III. bálks reglugerðar (EBE) nr. 2332/92, að beita þeim áfram þar til nýjar reglur þeirra hafa verið kannaðar og viðurkenndar jafngildar reglum bandalagsins.

Beita ætti gildandi reglum um lýsingu vína og safe varðandi lýsingu freyðivína til þess að samræma notkun tegundaheita og samheita í öllu bandalaginu og fyrir alla vínflokka og koma þar með á formlegum samkeppnisskilyrðum. Til þess að auðvelda slíkt ber að birta skrá yfir tegundaheiti og samheiti sem heimilt er að nota til að lýsa freyðivínum í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Í þriðju undirgrein 5. mgr. 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2333/92 er kveðið á um að aðeins sé heimilt að nota orðin „méthode champenoise“ á merkimiðum tiltekinna freyðivína á aðlögunartímabili sem lýkur 31. ágúst 1994 og einungis samhliða jafngildri merkingu um framleiðsluáðferð. Nauðsynlegt er að taka saman skrá yfir þær merkingar sem heimilt er að fylgi og síðar láta koma í stað orðanna „méthode champenoise“.

Samþykkja ætti aðlögunarákvæði sem heimila sölu vara þó lýsing þeirra og kynning sé ekki lengur í samræmi ákvæði bandalagsins vegna breytinga á þeim.

Setja ber bráðabirgðaákvæði hvað varðar lýsingu og kynningu freyðivína og loftblandaðra freyðivína til að auðvelda breytinguna frá innlendum reglum yfir í reglur bandalagsins.

Ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit stjórnarnefndar um vín.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

### 1. gr.

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um nákvæmar reglur um lýsingu og kynningu á freyðivínum og loftblönduðum freyðivínum.

### 2. gr.

Tilgreina skal raunverulegan alkóhólstyrkleika sem um getur í d-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2333/92 í heilum og hálfum prósentum miðað við rúmmál.

Með fyrirvara um vikmörk sem kveðið er á um í viðmiðunargreiningaraðferð sem beitt er samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2676/90 <sup>(3)</sup> skal tilgreindur alkóhólstyrkleiki ekki vera meira en 0,8% hærrí eða lægri miðað við rúmmál en sá styrkleiki sem er ákvarðaður með greiningu.

Tölu um alkóhólstyrkleika skal fylgja merkingin „% miðað við rúmmál“ og á undan henni má setja orðin „raunverulegur alkóhólstyrkleiki“ eða „raunverulegt alkóhól“.

### 3. gr.

1. Nafn eða viðskiptaheiti framleiðanda eða seljanda sem hefur staðfestu í bandalaginu, eins og krafist er í fyrsta undirlið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2333/92 skal vísa til:

- framleiðanda samkvæmt skilgreiningu 2. gr. þeirrar reglugerðar, eða

- seljanda sem er annaðhvort einstaklingur eða lögaðili sem fellur ekki undir skilgreininguna „framleiðandi“ og geymir í eigin nafni freyðivín eða loftblönduð freyðivín í þeim tilgangi að setja þau á markað til neyslu. Þetta á einnig við um samstarfsaðila þessa einstaklings eða lögaðila.

2. Á undan nafni eða viðskiptaheiti framleiðanda, jafnvel þótt það sé táknað, eða seljanda sem hefur staðfestu í bandalaginu komi, eftir því sem við á:

- orðin „framleiðandi“ eða „framleitt af“ eða annað samsvarandi orðasamband,

- orðin „seljandi“ eða „selt af“ eða annað samsvarandi orðasamband.

Ákvæði fyrstu undirgreinar gilda ekki:

<sup>(1)</sup> Stjttf. EB nr. L 231, 13. 8. 1992, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttf. EB nr. L 197, 30. 7. 1994, bls. 45.

<sup>(3)</sup> Stjttf. EB nr. L 272, 3. 10. 1990, bls. 1.

- a) að því er varðar upplýsingar um framleiðandann,
- ef viðskiptaheiti framleiðanda er í sjálfu sér næg vísbending þess að framleiðsla freyðivína sé starf hans,
  - ef vínið er framleitt eftir pöntun, að því tilskildu að nafni eða viðskiptaheiti framleiðanda fylgi skýring á þessu;
- b) að því er varðar upplýsingar um seljanda, ef þeim fylgja upplýsingar um framleiðanda, táknaðar eða ekki táknaðar.

„denominación de origen“, „donominación de origen calificada“;

e) fyrir Lúxemborg:

„Marque nationale“ ásamt orðunum „Appellation contrólée“ auk heiti tilgreinda héraðsins „Moselle luxembourgeoise“;

f) fyrir Portúgal:

„denominação de origem“; „denominação de origem controlada“; „indicação de proviniência regulamentada“.

3. Á undan nafni eða viðskiptaheiti innflytjanda sem um getur í a-lið 3. mgr. 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2333/92 komi orðin „innflytjandi“ eða „innflutt af“.

2. Heiti tilgreindra héraða sem um getur í þriðja undirlið c-liðar 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 2333/92 sem má nota sem vörulýsingu fyrir gæðafreyðivín fth skulu vera:

4. Tilgreina skal aðildarríkið þar sem framleiðandi, seljandi eða innflytjandi hefur aðalskrifstofu sína:

- annaðhvort óstytt á eftir heiti sveitarfélags eða hluta sveitarfélags,
- eða með hástaf eða hástöfum sem gefa landið til kynna, eftir því sem við á, ásamt póstnúmeri viðkomandi sveitarfélags.

a) Frakkland:

„Champagne“;

b) Ítalía:

„Asti“;

c) Spánn:

„Cava“.

#### 4. gr.

1. Hefðbundin sérheiti sem um getur í öðrum undirlið c-liðar 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2333/92 og heimilt er að nota í vörulýsingu á gæðafreyðivíni fth skulu vera þessi:

a) fyrir Frakkland:

- „appellation d'origine contrólée“;
- „appellation contrólée“. Ef nafn bújarðar eða vínviðartegundar eða tegundarheiti kemur fram á merkimiða sem á er hugtakið „appellation contrólée“ skal endurtaka nafn hins tiltekna héraðs milli orðanna „appellation“ og „contrólée“ með bókstöfum af sömu gerð, stærð og lit,
- „appellation d'origine vin délimité de qualité supérieure“;

b) fyrir Ítalía:

„denominazione di origine controllata“, „denominazione di origine controllata e garantita“;

c) fyrir Grikkland:

„Onomasia proeleusewV elegkomenh“ (skráð upprunalýsing), „Onomasia proeleusewV anwteraV poiothtos“ (upprunalýsing sem felur í sér meiri gæði);

d) fyrir Spán:

#### 5. gr.

Ef magn sykurleifa sem er ákvarðað með greiningu í grömmum á lítra er tilgreint samkvæmt þriðju undirgrein 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2333/92 má heimila vikmörk  $\pm 5$  grömm á hvern lítra.

Einnig er heimilt að setja í stað hugtakanna „dulce“, „doux“, „mild“, „dolce“, „sweet“, „sød“, „γλυκύ“, „makea“ eða „söt“ upplýsingar um að magn sykurleifa sé meira en 50 grömm á lítra.

#### 6. gr.

1. Vörulýsingin „loftblandað freyðivín“ sem um getur í f-lið 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2333/92 skal koma fram á merkimiðanum með lögbundnum upplýsingum með sömu stafagerð þar sem hæð minnstu stafanna er minnst 3 mm.

Orðinu „koldíoxíðbætt“ verður að bæta við eftirfarandi vörulýsingar:

- „vins mousseux gazéifíés“;

- „vino spumante gassificato“;

- „aerated sparkling wine“;

- „aerioukwn ajrwcdwn oinwn “;

- „vino espumoso gasificado“,
- „vinho espumoso gaseificado“.

Þessi viðbótarheiti skulu birtast:

- í sömu línu eða næstu línu fyrir neðan vörulýsinguna,
- með stöfum sem eru að minnsta kosti helmingur af stafastærð vörulýsingarinnar.

2. Vörulýsingar auk orðsins „freyðivín“ sem aðildarríkin hafa heimilað samkvæmt annarri undirgrein 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2333/92 um heiti drykkjarvöru sem fellur undir flokkunarnúmer 2206 00 31 og 2206 00 39 í samræmda flokkunarkerfinu og fæst með alkóhólgerjun ávaxta eða annars hrámetis úr landbúnaði skulu birtast á sama sjónsvæði og lögbundnar upplýsingar á merkimiðanum, með sömu stafagerð og skulu minnstu stafirnir vera minnst 3 mm háir.

#### 7. gr.

1. Heiti landfræðilegra eininga annarra en tilgreindra héraða sem eru smærri en aðildarríki og heimilt er að nota auk lýsingar á gæðafreyðivíni, sem upprunnið er í bandalaginu í skilningi annars undirlíðar fyrstu undirgreinar 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2333/92, eru talin upp í I. viðauka við þessa reglugerð.

2. Freyðivín upprunnin í þriðja landi þar sem framleiðsluskilmálar eru taldir jafngilda þeim skilmálum sem um getur í III. bálki reglugerðar (EBE) nr. 2332/92 eru talin upp í II. viðauka við þessa reglugerð.

#### 8. gr.

1. Þegar tekin er saman skrá yfir vínviðartegundir sem um getur í b-hluta annarrar undirgreinar 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2333/92 er aðildarríkjunum heimilt að kveða á um að einungis sé heimil notkun á heitum þeirra vínviðartegunda og samheita þeirra sem tilgreind eru í III. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3201/90 <sup>(1)</sup>.

Heimilt er að setja samheitið „Pinot“ í stað heita á vínviðartegundunum „Pinot Blanc“, „Pinot noir“ og „Pinot gris“ og samsvarandi heita á opinberum tungumálum bandalagsins.

Einungis er heimilt að nota tegundaheiti sem fram koma í 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1907/85 <sup>(2)</sup> eða samheiti slíkra tegunda sem um getur í IV. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3201/90 í lýsingu á freyðivíni sem er framleitt í bandalaginu úr vínnum upprunnum í þriðju löndum.

2. Einungis er heimilt að nota tegundaheiti og samheiti sem tilgreind eru í IV. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3201/90 til að lýsa innfluttu freyðivíni sem um getur í II. viðauka við þessa reglugerð.

3. Aðildarríkin skulu við fyrsta tækifæri senda framkvæmdastjórninni skrá yfir vínviðartegundir sem tekin er saman í samræmi við b-lið annarrar undirgreinar 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2333/92 og síðari breytingar. Framkvæmdastjórnin skal birta þessar skrár í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

#### 9. gr.

Eftirtalдар merkingar samsvara „méthode champenoise“ og má tilgreina ásamt þeim orðum samkvæmt þriðju undirgrein 5. mgr. 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2333/92: „gerjað á flöskum með hefðbundinni aðferð“ eða „hefðbundin aðferð“ eða „sígild aðferð“ eða „sígild hefðbundin aðferð“.

Heimilt er að þýða þessar merkingar á önnur opinber tungumál bandalagsins.

#### 10. gr.

1. Heimilt er að selja, markaðssetja eða flytja út, þar til birgðir þrýtur, freyðivín og loftblandað freyðivín sem er framleitt í Portúgal til 31. desember 1990 og er ekki í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2333/92 eða þessa reglugerð að því er varðar lýsingu og kynningu, að því tilskildu að hvorttveggja sé í samræmi við portúgólsk ákvæði sem í gildi voru fyrir þann dag.

2. Heimilt er að geyma, í þeim tilgangi að selja, markaðssetja eða flytja út þar til birgðir þrýtur, vörur sem taldar eru upp í 1 mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2333/92 og er lýst og eru kynntar í samræmi við ákvæði þeirrar reglugerðar og þessarar reglugerðar sem eru í gildi við markaðssetningu þeirra, ef lýsing og kynning þeirra er ekki lengur í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar eftir að henni hefur verið breytt.

Heimilt er að nota merkimiða með upplýsingum, sem samrýmast ekki lengur ákvæðum reglugerðar (EBE) nr. 2333/92 eða þessarar reglugerðar eftir að henni hefur verið breytt, í eitt ár frá gildistökudegi breytingarinnar.

Heimilt er að nota efni til forpökkunar, sem á eru prentaðar upplýsingar er samrýmast ekki lengur ákvæðum reglugerðar (EBE) nr. 2333/92 eða þessarar reglugerðar eftir að henni hefur verið breytt, í tvö ár frá gildistökudegi breytingarinnar.

3. Heimilt er að selja, markaðssetja eða flytja út, þar til birgðir þrýtur, freyðivín og loftblönduð freyðivín í flátum sem óheimilt er að nota eftir að aðlögunartímabilið sem um getur í 5. gr. tilskipunar ráðsins 75/106/EBE <sup>(1)</sup> og önnur ákvæði bandalagsins falla úr gildi, að því tilskildu að unnt sé að sanna að varan hafi verið sett á geymi, flösku og merkt áður en umrætt aðlögunartímabil rann út, einkum með skráningu sem um getur í 2. mgr. 71. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 822/87.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 309, 8. 11. 1990, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 179, 11. 7. 1985, bls. 21.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 42, 15. 2. 1975, bls. 1.

4. Heimilt er að selja, markaðssetja og flytja út, þar til birgðir þrýtur, vörur sem eru taldar upp í 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2333/92 og er lýst og eru kynntar í samræmi við ákvæði Þýska alþýðulýðveldisins er voru í gildi fyrir 3. október 1990, jafnvel þótt lýsing þeirra og kynning samrýmist ekki ofangreindri reglugerð og þessari reglugerð.

Híð sama gildir um afurðir ræktunar sem hófst fyrir 3. október 1990 og fullunnar voru eftir þann dag þó lýsing þeirra og kynning samrýmist ekki ofangreindum ákvæðum en samrýmast ákvæðum er voru í gildi fyrir þann dag í Þýska alþýðulýðveldinu.

Heimilt er að nota merkimiða og aðrar merkingar, prentaðar eða

framleiddar, fyrir 3. október 1990, með upplýsingum er samrýmast ekki ákvæðum reglugerðar (EBE) nr. 2333/92 og þessarar reglugerðar til 31. ágúst 1991.

**11. gr.**

1. Reglugerð (EBE) nr. 2707/86 er hér með felld úr gildi.
2. Tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina skoðist sem tilvísanir í þessa reglugerð.

**12. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. mars 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Franz FISCHLER**

framkvæmdastjóri.

## I. VIÐAUKI

**Skrá sem kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr. yfir heiti og landfræðilegar einingar sem nota má til að lýsa gæðafreyðivínunum sem eru upprunnin í bandalaginu**

1. *Fyrir Þýskaland:*

Rhein-Mosel

- a) Rhein;
- b) Mosel;
- c) Saar.

Bayern

- a) Main;
- b) Lindau;
- c) Bayerische Donau.

2. *Fyrir Austurríki:*

- a) Niederösterreich;
- b) Burgenland;
- c) Steiermark.

3. *Fyrir Spán:*

Almendralejo.

4. *Fyrir Breska konungsríkið:*

- a) England;
- b) Wales.

## II. VIÐAUKI

### Skrá sem kveðið er á um í 2. mgr. 7. gr. yfir freyðivín upprunnin í þriðju löndum

1. Freyðivín upprunnin í Búlgaríu og lýst er á merkimiða sem „ “ (hágæðavín með landfræðilegri upprunálýsingu) í samræmi við búlgörsk ákvæði.
2. Freyðivín upprunnin í Ungverjalandi þar sem lögbær opinber stofnun hefur staðfest á skjali VI 1 að umrætt freyðivín standist ungverskar kröfur að því er varðar grunnefni sem má nota við framleiðslu þess og gæði.
3. Freyðivín upprunnin í Suður-Afríku þar sem lögbær opinber stofnun hefur staðfest á skjali VI 1 að umrætt freyðivín hafi verið unnið úr grunnefni sem heimilt er að lýsa, í samræmi við suður-afrísk ákvæði, sem „cultivar wine“, „wine of origin“, „vintage wine“ eða „superior wine“.
4. Freyðivín upprunnin í Bandaríkjunum þar sem lögbær opinber stofnun eða framleiðandi sem viðurkenndur er af lögbærri opinberri stofnun hefur staðfest á skjali VI 1 að umrætt freyðivín hafi verið gert úr grunnefnum sem heimilt er að lýsa, í samræmi við bandarísk ákvæði, með „appellation of origin“, heiti vínviðartegundar (annarri en *Vitis labrusca*) eða „vintage year“.
5. Freyðivín upprunnin á yfirráðasvæði Sovétríkjanna fyrirverandi þar sem lögbær opinber stofnun hefur staðfest á skjali VI 1 að umrætt freyðivín standist innlendar kröfur að því er varðar grunnefni sem heimilt er að nota í framleiðslu þess og gæði tilbúnu vörunnar.
6. Freyðivín upprunnin í Rúmeníu þar sem lögbær opinber stofnun hefur staðfest á skjali VI 1 að umrætt freyðivín standist rúmenskar kröfur að því er varðar grunnefni sem heimilt er að nota í framleiðslu þess og gæði tilbúnu vörunnar.

## Fullgiltur texti eftirfarandi aðlögunarliða er birtur í samræmi við 2. og 4. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/96.

1. Aðlögunarliður við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 823/87<sup>(1)</sup>:

Eftirfarandi liður bætist við 2. mgr. 15. gr.:

„h) fyrir Austurríki:

Eftirfarandi hugtök sem fylgja upprunamerkingu vínsins:

- „Qualitätswein mit staatlicher Prüfnummer“, „Qualitätswein“
- „Kabinett“ eða „Kabinettwein“
- „Qualitätswein besonderer Reife und Leseart“, eða Prädikatswein“
- „Spätlese“ eða Spätlesewein“
- „Auslese“ eða Auslesewein“
- „Beerenauslese“ eða Beerenauslesewein“
- „Ausbruch“ eða „Ausbruchwein“
- „Trockenbeerenauslese“ eða Trockenbeerenauslesewein“
- „Eiswein“, „Strohwein“.

2. Aðlögunarliður við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2392/89<sup>(2)</sup>:

Í stað fyrsta undirliðar í i-lið 3. mgr. 2. gr. komi:

„- „Landwein“ um borðvín sem eru upprunnin í Sambandslýðveldinu Þýskalandi og Lýðveldinu Austurríki.”.

3. Aðlögunarliður við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2333/92<sup>(3)</sup>:

Í stað a-liðar í fyrstu undirgrein 6. mgr. 6. gr. komi eftirfarandi texti:

„a) hugtakið „Winzersekt“ skal einungis nota um gæðafreyðivín fth sem er framleitt í Þýskalandi og hugtakið „Hauersekt“ skal einungis nota um gæðafreyðivín fth sem er framleitt í Austurríki og:

- framleidd eru úr þrúgum sem eru ræktaðar á sömu vínekru, einnig á vegum framleiðslusamtaka, þar sem framleiðandi, samkvæmt skilgreiningu 4. mgr. 5. gr., framleiðir vín úr þrúgum sem eru ætlaðar til framleiðslu gæðafreyðivíns fth,
- framleiðandinn sem um getur í fyrsta undirlið markaðssetur og skal það merkt með merkimiðum þar sem fram kemur hver vínekran er, vínviðartegundin og vínárið.”

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. L 84, 27, 3. 1987, bls. 59.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. EB nr. L 232, 9, 8. 1989, bls. 13.

<sup>(3)</sup> Stjútíð. EB nr. L 231, 13, 8. 1992, bls. 9.

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 96/EES/18/02**

**nr. 5/96**  
**frá 29. febrúar 1996**

**um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/95 frá 19. maí 1995<sup>(1)</sup>.

Ályktun ráðsins 95/C 188/02 frá 29. júní 1995 um frekari þróun farsíma- og einkafjarskipta í Evrópusambandinu<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 26b (ályktun ráðsins 94/C 379/04) í XI. viðauka við samninginn:

„26c. **395 Y 0722(02):** Ályktun ráðsins 95/C 188/02 frá 29. júní 1995 um frekari þróun farsíma- og einkafjarskipta í Evrópusambandinu (Stjtíð. EB nr. C 188, 22. 7. 1995, bls. 3).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti ályktunar ráðsins 95/C 188/02 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. mars 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 29. febrúar 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*P. Benavides*

<sup>(1)</sup> Stjtíð. EB nr. L 273, 16. 11. 1995, bls. 47 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 43, 16. 11. 1995, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. EB nr. L 188, 22. 7. 1995, bls. 3.



## ÁLYKTUN RÁÐSINS

frá 29. júní 1995

### um frekari þróun farsíma- og einkafjarskipta í Evrópusambandinu(\*)

(95/C 188/02)

#### RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

sem hefur hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

og tekur tillit til eftirfarandi:

Á grundvelli úttektar sem var gerð á fjarskiptasviðinu árið 1992 skoraði ráðið, í ályktun sinni 93/C 213/01 frá 22. júlí 1993<sup>(1)</sup>, á framkvæmdastjórnina að birta grænbók um farsíma- og einkafjarskipti, sem framkvæmdastjórnin samþykkti 27. apríl 1994.

Framkvæmdastjórnin hafði samráð við marga aðila í þessu sambandi og hefur auk þess lagt fram orðsendingu til Evrópuþingsins og ráðsins um afrakstur samráðsins varðandi grænbókina um farsíma- og einkafjarskipti.

1. FAGNAR hinu víðtæka samráði sem framkvæmdastjórnin hefur staðið fyrir varðandi meginreglur og markmið grænbókarinnar um farsíma- og einkafjarskipti og VEITIR ÞVÍ ATHYGLI að á sumum sviðum ríkir full samstaða en öðrum ekki.
2. STYÐUR setningu rammaákvæða sem gætu stuðlað að framþróun á sviði farsíma- og einkafjarskipta innan ramma þeirra heildarumbóta sem unnið er að á fjarskiptasviðinu.
3. LÍTUR Á ÞAÐ SEM FORGANGSATRÍÐI í þróun farsíma- og einkafjarskipta að tryggja innan sambandsins:
  - a) víðtæka samkeppni hvað varðar framboð á farsíma- og einkafjarskiptum og að leyfi séu veitt á hlutlægum og gagnsæjum forsendum auk þess sem hlutfalls- og jafnræðisreglur skuli virtar;
  - b) að einungis sé unnt að takmarka fjölda leyfa til farsíma- og einkafjarskipta á forsendum sem varða grunnkröfur, má þar nefna hagkvæma nýtingu tíðnisviðsins;
  - c) sanngjörn samkeppnisskilyrði á farsíma- og einkafjarskiptamarkaðinum, einkum með því að virða bannið gegn víxlنيðurgreiðslum er vinna gegn samkeppni;

- d) að hægt verði, sem liður í almennum umbótum á fjarskiptasviðinu og með tilliti til þess að nauðsynlegt er að efla sanngjörn samkeppnisskilyrði, að bjóða hæfilegt sambland af farsíma- og fastri fjarskiptaþjónustu;
- e) afnám hindrana á stjórnsýslusviðinu gegn því að unnt sé að gera samninga á jafnræðisgrundvelli um markaðssetningu á farsíma- og einkafjarskiptaþjónustu, enda gildi um þessa starfsemi tilteknar starfsreglur svo hagsmunir neytenda verði tryggðir;
- f) að aðildarríkin heimili, eins fljótt og auðið er, fjarskiptafyrirtækjum að samtengja beint farsíma- og fastafjarskiptanet eða farsímanet hvert við annað;
- g) að aðildarríkin geri sitt ítrasta til að koma á kerfi við fyrstu hentugleika sem gerir rekstraraðilum á sviði farsíma- og einkafjarskipta frjálst að setja upp og nota grunnvirki til að stunda þá starfsemi sem þeir hafa leyfi til;
- h) jafnari skiptingu tíðnisviðsins á mismunandi notkun, innan ramma starfsemi Evrópunefndar um þráðlaus fjarskipti (ERC) og í samræmi við ályktun ráðsins 90/C 166/04 frá 28. júní 1990<sup>(2)</sup>;
- i) að á grundvelli reglna Evrópunefndarinnar (ERC) varðandi ákvarðanatöku verði viðeigandi tíðnisvið höfð til reiðu í tæka tíð, sem getur stutt við hina mikils metnu þróun á tækni og kerfum til farsímaog einkafjarskipta, sem fullnægja Evrópustöðlum, og stuðlað að tilkomu þeirra;
- j) að settar verði, fyrir 1. júní 1996, samhæfðar reglur um úthlutun leyfa fyrir farsíma- og einkafjarskipti um gervihnött, eftir að athugun hefur farið fram á vegum Evrópunefndar um starfsreglur á fjarskiptasviðinu (ECTRA).

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. C 188, 22. 7. 1995, bls. 3, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/96 frá 29. febrúar 1996 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. C 213, 6. 8. 1993, bls. 1.

(2) Stjtið. EB nr. C 166, 7. 7. 1990, bls. 4.

4. VEITIR ATHYGLI ÞÖRFinni Á FREKARI AÐGERÐUM á eftirfarandi sviðum:
- leggja þarf fram skýrar tímaáætlanir varðandi stöðlun, númeraröðun og úthlutun á tíðni fyrir farsíma- og einkafjarskipti;
  - ákveða þarf nauðsynleg skilyrði til að unnt sé að koma á gagnkvæmri viðurkenningu á samræmi alls endabúnaðar fyrir þráðlaus fjarskipti;
  - skoða þarf nákvæmlega ýmis svið sem varða almannaeið, meðal annars:
    - hugsanleg áhrif útgeislunar frá fjarskipta-bylgjum á almannaeiðbrigði og öryggi manna,
    - fjölgun atvinnutækifæra og hvaða kröfur um menntun þessi þróun gæti skapað,
    - málefni sem varða neytendavernd,
    - fagurfræðileg sjónarmið og umhverfisvandamál sem geta komið upp í tengslum við uppsetningu loftneta;
  - styðja ber áfram við þróunarstarf í tengslum við altæka farsímakerfið (UMTS), sem er talið gegna lykilhlutverki í þróun einkafjarskipta.
5. LEGGUR ÁHERSLU Á mikilvægi þess að sambærilegur og greiður aðgangur sé að mörkuðum þriðju landa og að alþjóðlegir staðlar séu almennt notaðir, þar sem því verður við komið, hvað varðar tækni, búnað og þjónustu á sviði farsíma- og einkafjarskipta.
6. VEITIR ÞVÍ ATHYGLI að framkvæmdastjórnin hefur í huga að styðja það framtak að komið verði á evrópskri þjónustumiðstöð á sviði farsíma- og einkafjarskipta.
7. VEITIR ATHYGLI tillögnum sem framkvæmdastjórnin setur fram í orðsendingu sinni.
8. HVETUR framkvæmdastjórnina til að leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið tillögur að ráðstöfunum sem geta stuðlað að því að framangreind forgangsmál og helstu viðbótaraðgerðir nái fram að ganga.
9. FER ÞESS Á LEIT VIÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNINA AÐ HÚN LEGGI SKÝRSLU FYRIR EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐIÐ, eigi síðar en 1. janúar 1997, um þann árangur sem hefur náðst hvað varðar framkvæmd þeirra ráðstafana sem fjallað er um í þessari ályktun og áhrif þeirra.

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 96/EES/18/03**

**nr. 6/96**  
**frá 29. febrúar 1996**

**um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/95 frá 19. maí 1995<sup>(1)</sup>.

Ályktun ráðsins 95/C 258/01 frá 18. september 1995 um setningu rammaákvæða fyrir fjarskipti<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 26c (ályktun ráðsins 95/C 188/02) í XI. viðauka við samninginn:

„26d. **395 Y 1003(01)**: Ályktun ráðsins 95/C 258/01 frá 18. september 1995 um setningu rammaákvæða fyrir fjarskipti (Stjttíð. EB nr. C 258, 3. 10. 1995, bls. 1).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti ályktunar ráðsins 95/C 258/01 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. mars 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 29. febrúar 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*P. Benavides*

(<sup>1</sup>) Stjttíð. EB nr. L 273, 16. 11. 1995, bls. 47 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 43, 16. 11. 1995, bls. 1.

(<sup>2</sup>) Stjttíð. EB nr. C 258, 3. 10. 1995, bls. 1.

## ÁLYKTUN RÁÐSINS

frá 18. september 1995

### um setningu rammaákvæða fyrir fjarskipti(\*)

(95/C 258/01)

#### RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

sem hefur hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

sem hefur hliðsjón af orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 25. janúar 1995 sem ber yfirskriftina „Grænbók um afnám hafta á fjarskiptagrunnvirkjum og kapalsjónvarpsnetum“ og orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um niðurstöður opinna umræðu milli hlutaðeigandi aðila,

sem hefur hliðsjón af ályktun ráðsins 93/C 213/01 frá 22. júlí 1993 um endurskoðun aðstæðna á fjarskiptasviðinu og þörfina á frekari þróun þess markaðar (<sup>1</sup>),

sem hefur hliðsjón af ályktun ráðsins 94/C 48/01 frá 7. febrúar 1994 um altækar meginreglur varðandi þjónustu á fjarskiptasviðinu (<sup>2</sup>),

sem hefur hliðsjón af ályktun ráðsins 94/C 379/03 frá 22. desember 1994 um meginreglur og tímaáætlun varðandi afnám hafta á fjarskiptagrunnvirkjum (<sup>3</sup>),

og sem tekur tillit til eftirfarandi:

Samkvæmt ályktunum 93/C 213/01 og 94/C 379/03 ber að afnema höft á fjarskiptagrunnvirkjum og opinberri talsímaþjónustu frá og með 1. janúar 1998, þó hugsanlega verði heimilud aðlögunartímabil fyrir tiltekin aðildarríki; jafnframt því skal stefnt að því að viðhalda og þróa altæka þjónustu.

Með þessum ályktunum hefur ráðið hvatt til þess að undinn verði bráður bugur að því að skilgreina skýr og traust rammaákvæði innan sambandsins, þar sem mælt er fyrir um sameiginlegar meginreglur sem tryggja meðal annars framboð og fjármögnun altækra þjónustu, að settar verði reglur um samtengingu, að kveðið verði á um skilyrði og reglur um úthlutun leyfa, sanngjarna samkeppni og sambærilegan og greiðan markaðsaðgang, sem skal einnig taka til þriðju landa.

Í ályktun 94/C 48/01 skilgreindi ráðið meginþætti altækra fjarskiptaþjónustu í sambandinu við samkeppnisskilyrði, jafnframt því sem það viðurkennir meðal annars mikilvægi þess

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. C 258, 3. 10. 1995, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/96 frá 29. febrúar 1996 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. C 213, 6. 8. 1993, bls. 1.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB nr. C 48, 16. 2. 1994, bls. 1.

(<sup>3</sup>) Stjtið. EB nr. C 379, 31. 12. 1994, bls. 4.

að tryggja fjármögnun hennar eins og með þarf og að sjá til þess að skilgreining á hugtakinu altæk þjónusta mótist af tækniþróuninni, þróun markaðarins og breytingum á þörfum neytenda.

Í ályktun 93/C 213/01 eru aðildarríkin hvött til að stuðla að því að aftur komist á jafnvægi taxta í áföngum.

Aðildarríkin geta, á grundvelli hlutfallsreglunnar, með réttu sett fram kröfur um að boðið sé upp á vissa opinbera þjónustu í tilteknum leyfisflokkum.

Með rammaákvæðunum ber að mæla fyrir um sanngjörn samkeppnisskilyrði, einkum með því að gera kröfur um gagnsæ reikningsskil og réttláta stjórnun grunnaðbúnaðar.

1. FAGNAR ÞVÍ að framkvæmdastjórnin hefur gefið út grænbókina um afnám hafta á fjarskiptagrunnvirkjum og kapalsjónvarpsnetum og að fram hefur farið víðtækt samráð milli hlutaðeigandi aðila um málið og VEITIR ATHYGLI þeirri samstöðu sem ríkir í þeirra hópi um að sett verði viðeigandi rammaákvæði, þar sem einkum er lögð áhersla á altæka þjónustu, leyfi og samtengingu, en með þeim hætti er unnt að skapa sanngjarna og öflugra samkeppni í samræmi við tímaáætlunina sem mælt er fyrir um í ályktunum 93/C 213/01 og 94/C 379/03.

2. VIÐURKENNIR að afnám allra hafta á fjarskiptasviðinu hefur víðtæk félagsleg og samfélagsleg áhrif og VEITIR ATHYGLI að framkvæmdastjórnin hefur komið á fót miðstöð til að kanna þau málefni sem upp kunna að koma, einkum þau sem tengjast fjölgun starfa á þessu sviði.

3. VIÐURKENNIR að eftirfarandi þættir eru lykilatriði í tengslum við setningu rammaákvæða um fjarskiptaþjónustu í sambandinu:

a) aukin samkeppni í allri greininni; henni skal komið á með því að:

- setja, í samræmi við dreifraðisregluna, sameiginlegar meginreglur um fyrirkomulag almennra starfsleyfa og einstakra leyfa í aðildarríkjunum sem byggist á flokkum þar sem jafnvægi ríkir á milli réttinda og skyldna,

- sjá til þess að aðgangur að markaðinum verði ekki takmarkaður, nema unnt sé að réttlæta slíkt á hlutlægum og gagnsæjum forsendum þar sem hlutfalls- og jafnréttissjónarmiða er gætt varðandi takmarkað framboð á aðbúnaði,
  - innlend stjórnsýslufirvöld beiti hlutlægum og gagnsæjum úthlutunaraðferðum og -forsendum þar sem jafnréttissjónarmiða er gætt,
  - grunnaðbúnaði, einkum tíðni, númerum og flutningsrétti, sé stjórnað af öryggi þannig að tryggt sé að markaðsaðilar séu meðhöndlaðir á réttlátan hátt undir eftirliti lögbærra innlendra yfirvalda,
  - samræma fyrirkomulag almennra starfsleyfa og meðferð einstakra leyfa með það í huga að efla þróun samevrópskra netkerfa og þjónustu;
- b) framboð á altækri þjónustu sem skal þróuð í samræmi við ályktun 94/C 48/01; þessu markmiði skal náð, á grundvelli gagnsæis-, hlutfalls- og jafnræðisreglunnar, með því að:
- aðildarríkin leggi tilteknum fjarskiptafyrirtækjum þá skyldu á herðar að veita ákveðna lágmarks-fjarskiptaþjónustu af tiltekinni gerð og, með tilliti til sérstakra aðstæðna í hverju landi um sig, á viðráðanlegu verði,
  - sambandið setji sameiginlegar meginreglur um hvernig ákvarða skuli þóknun til handa fjarskiptafyrirtækjum fyrir að taka á sig slíkar skyldur, þannig að höfuðáhersla sé lögð á að ná sem mestri framleiðni við framboð á altækri þjónustu,
  - aðildarríkin setji, þegar þess gerist þörf, reglur um útreikning á hreinum tengdum kostnaði og hvernig eigi að deila slíkum kostnaði milli markaðsaðila, undir eftirliti innlendra stjórnsýslufirvalda;
- c) að sett séu, til að tryggja að notendur geti áfram átt samskipti af öllu mögulegu tagi, sérstök ákvæði um samtengingu sem leiða til þess að:
- fjarskiptafyrirtækjunum ber, í tengslum við tiltekna leyfis- og starfsleyfisflokka, að sinna án mismununar sanngjörnum beiðnum um samtengingu jafnframt því sem grunnkröfur eru virtar,
- vissum fjarskiptafyrirtækjum ber jafnframt, allt eftir stærð þeirra og markaðsstöðu, og með tilliti til samkeppnisaðstæðna, að birta, á viðeigandi hátt, viðmiðunarútboð á samtengingu og að færa kostnaðarbókhald,
  - settar verða viðmiðunarreglur varðandi viðskiptaviðræður um samtengingarsamninga, þar sem helstu samningsskilyrði, má þar einkum nefna tímaáætlun, eru ákveðin fyrirfram án mismununar, á hlutlægum og gagnsæjan hátt,
  - allir aðilar hafa möguleika á að leita til innlands stjórnsýslufirvalds varðandi lausn á deilumálum,
  - innlend stjórnsýslufirvöld geta, eigi þau ekki annars úrkosti, enda virði þau hlutfallsregluna, fyrirskipað samtengingu til að verja grundvallarhagsmuni almennings;
- d) sambærilegur og greiður aðgangur að markaðinum sé tryggður, einnig í þriðju löndum, einkum á grundvelli viðræðna á réttum vettvangi.
4. ER EINHUGA UM að nauðsynlegt sé, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í sáttmálanum, til að unnt sé að koma þessum meginreglum til framkvæmda í sambandinu, að samþykkja réttarráðstafanir sem einkum skulu taka til:
- afnáms hafta á allri fjarskiptaþjónustu og öllum fjarskiptagrunnvirkjum með þeim hætti og með hliðsjón af þeim aðlögunartímabilum sem kveðið er á um í ályktunum 93/C 213/01 og 94/C 379/03,
  - aðlögunar á ráðstöfunum, sem varða frjálsan aðgang að netum (ONP), að samkeppnisumhverfi framtíðarinnar,
  - framboðs og þróunar á lágmarksþjónustu um gervallt sambandið og setningar sameiginlegra meginreglna um fjármögnun altæku þjónustunnar,
  - setningar sameiginlegra ákvæða um samtengingu neta og þjónustu,
  - innbyrðis samræmingar á fyrirkomulagi almennra starfsleyfa og einstakra leyfa í aðildarríkjunum.
5. ÁRÉTTAR að mikilvægt er að skilyrði fyrir mótun framtíðarstefnu bandalagsins á fjarskiptasviðinu byggji á pólitísku samkomulagi, sem grundvallast á málamiðlun frá desember 1989, og ER LJÓST að framkvæmdastjórnin styður þetta viðhorf.

6. FER ÞESS Á LEIT VIÐ framkvæmdastjórnina að hún, í samræmi við tímaáætlunina sem kveðið er á um í ályktunum 93/C 213/01 og 94/C 379/03, leggi fyrir Evrópuþingið og ráðið, fyrir 1. janúar 1996, öll lagaákvæði sem eiga að liggja til grundvallar evrópskum rammaákvæðum um fjarskiptaþjónustu er miðast við algjört afnám hafta á þessu sviði.
7. HVETUR aðildarríkin til að stuðla að öflugri samkeppni með því að:
- vinna áfram að því að koma aftur á nauðsynlegu taxtajafnvægi til að koma á skynsamlegum efnahagsskilyrðum gagnvart öllum markaðsaðilum og notendum, jafnframt því sem framboð á altækri þjónustu skal áfram tryggt.
- skilgreina og birta við fyrstu hentugleika fyrirkomulag almennra starfsleyfa og einstakra leyfa, sem eiga að gilda á fjarskiptasviðinu í heild, með rammaákvæði bandalagsins í framtíðinni í huga.
8. HVETUR framkvæmdastjórnina og aðildarríkin til að eiga áfram samráð um setningu rammaákvæða, einkum innan nefndar háttsettra embættismanna frá innlendum eftirlitsyfirköldum sem skipuð var samkvæmt ályktun 93/C 02/05<sup>(1)</sup>.
9. LEGGUR ÁHERSLU Á að nota ber meginatriði rammaákvæðanna, sem mælt er fyrir um í þessari ályktun, og tímaáætlunina, sem kveðið er á um í ályktunum 93/C 213/01 og 94/C 379/03, sem grundvöll fyrir samningaviðræður innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

(<sup>1</sup>) Stjótt. EB nr. C 2, 6. 1. 1993, bls. 5.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 96/EES/18/04**

**nr. 7/96**  
**frá 29. febrúar 1996**

**um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/95 frá 19. maí 1995<sup>(1)</sup>.

Tilmæli ráðsins 95/144/EB frá 7. apríl 1995 um samræmdar viðmiðanir við mat á öryggi í upplýsingatækni<sup>(2)</sup> skulu felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við 28. lið (ályktun ráðsins 94/C 181/01) í XI. viðauka við samninginn:

„29. **395 X 0426:** Tilmæli ráðsins 95/144/EB frá 7. apríl 1995 um samræmdar viðmiðanir við mat á öryggi í upplýsingatækni (Stjttíð. EB nr. L 93, 26. 4. 1995, bls. 27).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilmæla ráðsins 95/144/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. mars 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 29. febrúar 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*P. Benavides*

(<sup>1</sup>) Stjttíð. EB nr. L 273, 16. 11. 1995, bls. 47 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 43, 16. 11. 1995, bls. 1.

(<sup>2</sup>) Stjttíð. EB nr. L 93, 26. 4. 1995, bls. 27.

**TILMÆLI RÁÐSINS****frá 7. apríl 1995****um samræmdar viðmiðanir við mat á öryggi í upplýsingatækni(\*)****(95/144/EB)****RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,**

sem hefur hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 235. gr., sem hefur hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

sem hefur hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(1)</sup>,

sem hefur hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

og sem tekur tillit til eftirfarandi:

Bandalagið setur sér það verkefni, með því að koma á sameiginlegum markaði og samræma smám saman efnahagsstefnu aðildarríkjanna, að stuðla að samræmdri þróun atvinnustarfsemi í gervöllu bandalaginu, varanlegri og samstilltri útfærslu, auknum stöðugleika, hraðari sókn til bættra lífskjara og nánari tengslum á milli aðildarríkjanna.

Rafrænar gagnabankar og rafræn meðhöndlun upplýsinga gegnir æ mikilvægar hlutverki í félagslegu og efnahagslegu tilliti.

Öflug altæk samskipti og almenn notkun rafrænna upplýsinga undirstrikar þörfina á fullnægjandi verndun.

Evrópuþingið hefur margsinis í umfjöllun sinni og ályktunum lagt áherslu á hve mikilvægt er að upplýsingakerfi séu örugg.

Efnahags- og félagsmálanefndin hefur lagt áherslu á að taka þarf afstöðu til þeirra atriða í ráðstöfunum bandalagsins sem varða öryggi upplýsingakerfa, einkum með tilliti til áhrifa á tilkomu innri markaðarins.

Framkvæmdastjórnin hefur komið með tillögum um aðgerðir er varða gagnavernd og öryggi upplýsingakerfa <sup>(3)</sup>.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 93, 26. 4. 1995, bls. 27, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/96 frá 29. febrúar 1996 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 176, 28. 6. 1993, bls. 37.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 73, 15. 3. 1993, bls. 19.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. C 277, 5. 11. 1990, bls. 3.

Öryggi upplýsingakerfa er svo flókið mál að nauðsynlegt er að setja ákvæði sem gera frjáls skipti á upplýsingum innan innri markaðarins möguleg og tryggja öryggi slíkra kerfa í gervöllu bandalaginu.

Þessi tilmæli hafa ekki áhrif á ákvæði aðildarríkjanna er varða almannaöryggi og allsherjarreglu.

Ábyrgð aðildarríkjanna á þessu sviði liggur í því að tekin sé upp samræmd stefna sem byggist á nánú samstarfi við háttsetta embættismenn frá aðildarríkjunum.

Samræmdar viðmiðanir við mat á öryggi í upplýsingatækni eru mikilvægur liður í að skapa grunn að gagnkvæmri viðurkenningu á vottorðum milli landa.

Aðgerðir á vegum einstakra landa, alþjóðasamtaka og bandalagsins skapa góðan grunn að samhæfingu á vettvangi bandalagsins og að gerð alþjóðlegra samninga.

Samráð hefur verið haft við ráðamenn á því sviði sem hér um ræðir. Nefnd háttsettra embættismanna um öryggi upplýsingakerfa (SOG-IS) hefur lagt til að notaðar verði samræmdar viðmiðanir við mat á öryggi í upplýsingatækni.

Þessar viðmiðanir eru nauðsynleg forsenda þess að komið verði á innri markaði fyrir örugga framleiðslu á sviði upplýsingatækni. Með slíkum viðmiðunum fæst einnig stærðarhagkvæmni.

Notkun sameiginlegra viðmiðana er jafnframt forsenda þess komið verði á fót öruggum samevrópskum viðföngum og þjónustu.

Þessum markmiðum verður ekki náð ef notaðar eru mismunandi viðmiðanir í hverju aðildarríki um sig og innan hvers atvinnuvegar.

Setning frekari viðmiðana krefst margháttaðra tvíhliða aðgerða milli aðildarríkjanna og leiðir til verulegra tafa og þyngslalegra aðgerða, þar á meðal fjölmargra viðræðufunda, sem unnt er að komast hjá með samræmdri aðgerð á vettvangi bandalagsins.



**LEGGUR TIL EFTIRFARANDI:**

1. að á tveggja ára bráðabirgðatímabili verði viðmiðanir við mat á öryggi í upplýsingatækni (Information Technology Security Evaluation Criteria - ITSEC) <sup>(1)</sup> notaðar sem liður í vissum mats- og vottunarkerfum, til að unnt sé að mæta tímabundinni þörf fyrir mat og vottun í tengslum við viðskipti með og notkun á framleiðslu, kerfum og þjónustu á sviði upplýsingatækni;
2. að undir forystu nefndar háttsettra embættismanna um öryggi upplýsingakerfa (SOG-IS) sé unnið að alþjóðlegri samhæfingu og stöðlun á viðmiðunum við mat á öryggi í upplýsingatækni;
3. að á umræddu bráðabirgðatímabili eða, ef nauðsyn krefur, uns eining hefur náðst um samhæfingu og stöðlun á alþjóðavettvangi, geri aðildarríkin eða stofnanir sem þau tilnefna með sér samkomulag um tvíhliða og helst evrópska eða alþjóðlega gagnkvæma viðurkenningu á vottorðum um öryggismat;
4. að þegar umrætt bráðabirgðatímabil er liðið fari fram mat á og, að höfðu samráði við embættismannanefndina (SOG-IS), séu lagðar fram tillögur að viðeigandi aðgerðum er byggja á fenginni reynslu og árangri sem hefur orðið af samhæfingarvinnu á alþjóðavettvangi.

Gjört í Lúxemborg 7. apríl 1995.

Fyrir hönd ráðsins,

**J. ROSSI**

forseti.

**Tilkynning til lesenda**

Unnt er að nálgast viðmiðanirnar við mat á öryggi í upplýsingatækni (ITSEC), sem um getur í 1. tölul. tilmæla ráðsins frá 7. apríl 1995 um samræmdar viðmiðanir við mat á öryggi í upplýsingatækni, og eru birtar í þessu hefti Stjórnartíðindanna, með því að snúa sér til framkvæmdastjórnar EB (Stjórnardeild (DG) XIII/B.6 INFOSEC).

<sup>(1)</sup> Sjá viðauka við lokaútgáfu COM(92) 298.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 96/EES/18/05**

**nr. 8/96**  
**frá 29. febrúar 1996**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/95 frá 18. júlí 1995<sup>(1)</sup>.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2479/95 frá 25. október 1995 um aðlögun að tækniframförum á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 21. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 í XIII. viðauka við samninginn:

„- **395 R 2479:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2479/95 frá 25. október 1995 (Stjttíð. EB nr. L 256, 26. 10. 1995, bls. 8).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2479/95 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. mars 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 29. febrúar 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*P. Benavides*

<sup>(1)</sup> Hefur enn ekki verið birt.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 256, 26. 10. 1995, bls. 8.

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2479/95**

frá 25. október 1995

**um aðlögun að tækniframförum á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum(\*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 frá 20. desember 1985 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir hugsanlega misnotkun á rafeindaskráningarbúnaði í flutningum á vegum.

Á grundvelli reynslunnar og núverandi stöðu tæknimála er unnt að verja leiðslur sem tengja búnaðinn við merkjasendinn þannig að ekki sé hægt að komast að þeim með öðru en heilu plasthúðuðu slíðri úr ryðfríu stáli samanklemmdu í endann, eins og kveðið er á um í gildandi ákvæðum.

Með hliðsjón af endingartíma skráningarbúnaðar sem nú er í notkun er nauðsynlegt að taka upp þessa nýju tækni í bandalagsstöðlum um gerð og ísetningu rafeindaskráningarbúnaðar.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í reglugerð þessari eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun reglugerðar (EBE) nr. 3821/85 að tækniframförum.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**

Gjört í Brussel 25. október 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

*Neil KINNOCK*

framkvæmdastjóri.

**1. gr.**

Eftirfarandi komi í stað 5. liðar í V. kafla I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3821/85:

„5. Leiðslur sem tengja búnaðinn við merkjasendinn skulu varðar með heilu plasthúðuðu slíðri úr ryðfríu stáli samanklemmdu í endann, nema sambærileg vörn gegn handfjötun sé veitt með öðrum hætti (t.d. með rafrænum eftirlitsbúnaði svo sem merkjadulritun) sem greint getur tilvist annars búnaðar sem ekki telst nauðsynlegur til að skráningarbúnaðurinn virki rétt og hindrar rétta virkni skráningarbúnaðarins með skammhlaupum eða truflunum eða breytingum á rafrænum gögnum frá hraða- og fjarlægðarnemanum. Samskeyti með innsigluðum tengingum teljast órofin í skilningi þessarar reglugerðar.

Í stað áður nefnds rafræns eftirlitsbúnaðar getur komið rafstýring sem tryggir að skráningarbúnaðurinn geti skráð hverja hreyfingu ökutækisins, óháð merkjum frá hraða- eða fjarlægðarnemanum.“

**2. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 1996.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 256, 26. 10. 1995, bls. 8, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/96 frá 29. febrúar 1996 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. L 370, 31. 12. 1985, bls. 8.

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.605 - Hoechst/Klöckner-Werke/Hartfolien)

96/EES/18/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. 4. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>, þar sem fyrirtækin Hoechst AG og Klöckner Mercator Maschinenbau GmbH, undir yfirráðum Klöckner-Werke AG, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir Kalle Pentaplast GmbH með samruna Kalle Hartfolien GmbH (Hoechst) og Klöckner Pentaplast GmbH.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Hoechst AG: Kemískar vörur og lyf,
  - Klöckner Mercator Maschinenbau GmbH: Framleiðsla á plastefnum og vélasmíði,
  - Kalle Pentaplast GmbH: Framleiðsla á harðplasti.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtíð. EB nr. C 118, 23. 4. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.605 - Hoechst/Klöckner-Werke/Hartfolien, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B-Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1040 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram  
(Mál nr. IV/M.724 - GEC/Thomson-CSF (II))****96/EES/18/07**

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. 4. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>, þar sem fyrirtækin General Electric Company p.l.c. (GEC) og Thomson SA öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yferráð yfir nýstofnuðu fyrirtæki sem mun sameina flestalla starfsemi þeirra í tengslum við framleiðslu á hljóðsjárbúnaði. Tilkynningin varðar eingöngu þá starfsemi fyrirtækisins sem ekki heyrir til hernaðar. Stjórnvöld Breska konungsríkisins og Frakklands hafa með skírskotun til b-liðar 1. mgr. 223. gr. EB-sáttmálans beðið GEC og Thomson að fjalla ekki um hernaðarstarfsemi fyrirtækjanna í tilkynningunni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - GEC: Rafeindakerfi, orkukerfi, fjarskipta- og upplýsingatækni, tilbúin matvæli, rafeindamælitækni, skrifstofubúnaður og prenttæki, lækningatæki, rafeindaflutar og iðnaðartæki,
  - Thomson: Rafeindavörur til iðnaðarnota og rafeindatæki til almennra nota.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútíð. EB nr. C 114, 19. 4. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.724 - GEC/Thomson-CSF (II), á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B-Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1040 Brussels

(<sup>1</sup>) Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram  
(Mál nr. IV/M.744 - Thomson/Daimler-Benz)****96/EES/18/08**

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. 4. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>, þar sem fyrirtækin Thomson SA og Daimler-Benz AG öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins (óbeint í gegnum dótturfyrirtæki sín) sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu ATDM Holding SAS, nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni þar sem móðurfyrirtækin munu sameina viðskiptastarfsemi sína með íhluta úr gallúmarseníki.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Thomson SA: Hönnun, þróun og framleiðsla á rafeindatækjum til almennra nota, rafeindatækjum til iðnaðarnota og varnarkerfum, þróun og framleiðsla á íhlutum úr gallúmarseníki,
  - Daimler-Benz AG: Meginstarfsemi fyrirtækisins felst í framleiðslu á einkabílum, rafeindabúnaði, flug- og varnartækni, jafnframt þróun og framleiðslu á íhlutum úr gallúmarseníki.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB nr. C 114, 19. 4. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.744 - Thomson/Daimler-Benz, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B - Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1040 Brussels

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu  
(Mál nr. IV/M.704 - Unilever/Diversey)****96/EES/18/09**

Framkvæmdastjórnin ákvað 20. 3. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B - Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1040 Brussel

Bréfasími: +32 2 296 43 01

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.